

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 374/98

frá 12. febrúar 1998

um breytingu á 6. og 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1172/95 um hagskýrslur um vöruviðskipti bandalagsins og aðildarríkjanna við lönd utan bandalagsins(*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

1. gr.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 113. gr.,

Reglugerð (EB) nr. 1172/95 er breytt sem hér segir:

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

1. Í 1. mgr. 6. gr.:

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

a) falli annar undirliður a-liðar niður;

b) falli þriðji undirliður b-liðar niður;

Með breytingu á hagskýrslusvæði bandalagsins hinn 1. janúar 1997 með reglugerð (EB) nr. 476/97 ⁽¹⁾, sem breytir reglugerð (EB) nr. 1172/95 ⁽²⁾, falli tilvísanir í fyrri skilgreiningu á hagskýrslusvæði niður. Því ber að breyta 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1172/95.

c) komi eftirfarandi í stað c-liðar:

„c) þeirra vara sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 4. gr.“

Í stað þess landaflokkunarkerfis, sem nú er notað í hagskýrslum um vöruviðskipti, kemur, frá 1. janúar 1999 að telja, flokkunarkerfi með bókstöfum sem byggir á ISO alfa-2 kóðunum. Við þessar nýju aðstæður og með tilliti til samhæfingar er öllum aðildarríkjum skylt að nota sama flokkunarkerfi þegar hagtölur eru teknar saman og þær sendar Hagstofu Evrópubandalaganna. Því er nauðsynlegt að breyta 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1172/95 og fella niður þann möguleika aðildarríkjanna að nota önnur landaflokkunarkerfi á meðan söfnun fer fram.

2. Í 9. gr.:

a) komi eftirfarandi í stað 2. mgr.:

„2. Tilgreina ber kóðann, sem er tilgreindur er í landaflokkunarkerfinu og um getur í 1. mgr., fyrir hvert land.“;

b) falli 3. mgr. niður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Ákvæði 2. mgr. 1. gr. skulu gilda frá 1. janúar 1999.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. febrúar 1998.

Fyrir hönd ráðsins,

J. BATTLE

forseti.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 48, 19.2.1998, bls. 6, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/1999 frá 29. janúar 1999 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB L 75, 15. 3. 1997, bls. 1.

(2) Stjtið. EB L 118, 25. 5. 1995, bls. 10.